

Íslenskar veðurskeytastöðvar.

Stafrófærð		Töluröð	
Stöðvarnafn	Nr.	Stöðvarnafn	Nr.
Akureyri.....	063	Hvalláttur.....	001
Blönduós.....	045	Kvígindisdalur.....	003
Bolungarvík.....	007	Hellissandur.....	004
Dalatangi.....	097	Galtarviti.....	005
Djúpivogur.....	092	Bolungarvík.....	007
Egilsstaðir.....	089	Flatey.....	011
Eyrarbakki.....	038	Stykkishólmur.....	013
Fagridalur.....	087	Reykjanes.....	014
Fagurhólsmyri.....	072	Æðey.....	017
Flatey.....	011	Keflavík.....	018
Galtarviti.....	005	Hornbjargsviti.....	023
Grimsey.....	065	Haukatunga.....	026
Grimstaðir.....	073	Reykjavík.....	030
Haukatunga.....	026	Kjörvogur.....	031
Hellissandur.....	004	Síðumúli.....	034
Hólar í Hornafirði.....	082	Eyrarbakki.....	038
Horn í Hornafirði.....	086	Pingvellir.....	040
Hornbjargsviti.....	023	Póroddsstaðir.....	041
Hraun á Skaga.....	051	Blönduós.....	045
Hvalláttarar.....	001	Vestmannaeyjar.....	048
Hæll.....	050	Hæll.....	050
Keflavíkurflugvöllur.....	018	Hraun á Skaga.....	051
Kirkjubæjarklaustur.....	064	Nautabú.....	055
Kjörvogur.....	031	Loftsalir.....	058
Kvígindisdalur.....	003	Síglunes.....	059
Loftsalir.....	058	Akureyri.....	063
Möðrudalur.....	075	Kirkjubæjarklaustur.....	064
Nautabú.....	055	Grimsey.....	065
Raufarhöfn.....	077	Fagurhólsmyri.....	072
Reykjanes.....	014	Grimstaðir.....	073
Reykjavík.....	030	Möðrudalur.....	075
Síðumúli.....	034	Raufarhöfn.....	077
Síglunes.....	059	Hólar í Hornafirði.....	082
Skoruvík.....	083	Skoruvík.....	083
Stykkishólmur.....	013	Horn í Hornafirði.....	086
Vestmannaeyjar.....	048	Fagridalur.....	087
Pingvellir.....	040	Egilsstaðir.....	089
Póroddsstaðir.....	041	Djúpivogur.....	092
Æðey.....	017	Dalatangi.....	097

I N N G A N G U R.

Þessar leiðbeiningar fjalla um, hvernig samín skuli veðurskeyti úr veðurathugunum. Miðað er við, að athugunarmenn hafi undir höndum sérstakar leiðbeiningar um, hvernig þessar athuganir skulu gerðar.

Veru má, að breytingar verði gerðar á þessum leiðbeiningum. Verði þar aðeins minniháttar, verður sent sérstakt bréf um þar, og er nauðsynlegt, að athugunamaður geri þá þegar í stað tilsvareandi leiðréttingu á eintaki sínu. Athygli skal vakin á ýmsum breytingum, sem gerðar hafa verið, einkum nýju orðunum 2TSf_xf_x (bls. 22) og 3F₁F₂F₃F₄ (bls. 22)

Þá hefir verið lagt niður, að í orðið 6Eapp væru settir ýmsir mismunandi þættir, svo sem sjólag, skyggni til hafsins eða flugskilyrði.

Ýmsar aðrar smærri breytingar, sem of langt yrði upp að telja, eru athugunarmenn beðnir að kynna sér með því að lesa vandlega um öll þau atriði, sem snerta athuganir þeirra.

Æskilegt er, að athugunarmenn sendi sem fyrst fyrirspurnir til Veðurstofunnar ef þeim finnst eitthvert atriði óljóst.

Þau veðurskeyti, sem hér er lýst, eru tvöenskona.

1. Tímabundin veðurskeyti (bls. 2), sem eru gerð á einum eða fleiri af eftirtöldum tímum: 02, 05, 08, 11, 14, 17, 20, og 23, (ísl. miðtími) Ekki má skeika um meira en 10 mín. til eða frá um athugunartímann, en víðast þurfa skeytin þó að vera tilbúin 5 mínútum fyrir heila tímann.

Hafi veðrið breytt að einhverju leyti, meðan á athugun stóð, skal gera viðeigandi leiðréttingu á skeytinu, svo að það lýsi veðrinu á þeirri mínútu, þegar skeytið er sent, ef rétti athugunartíminn er ekki alveg kominn.

2. Veðurbriðaskeyti (bls. 27), sem eru send, þegar mikilvæg veðurbriði verða. Verður þeim stöðvum, sem óskað er eftir, að sendi þessi skeyti, tilkynnt það sérstaklega.

Athygið! Veðurathugunarmenn eru beðnir að senda skeyti um hafs, eldgos, jarðskjálfta og perlumóðurský samkvæmt sérstökum leiðbeiningum, sem Veðurstofan lætur athugunarmönnum í té.

Veðurskeyti.

Hvert veðurskeyti er nokkur talnaorð, og eru oftast fimm tölustafir í hverju orði. Hver tala gefur lýsingu á vissum þætti veðurlagsins. Fer það eftir því, hvar í skeytinu talan stendur, hvaða þætti hún lýsir.

Hér fara á eftir lykllarnir að skeytunum, þar sem þættir veðursins eru táknadír með mismunandi bókstöfum. Tölurnar í lyklinum eru einkennisstafir, sem ekki má skipta um, og má ekki sleppa þeim, þegar skeytið er sent.

I. lykll.

Frá stöðvum, sem hafa annaðhvort kvikasilfursloftvog eða votan hitamæli eða hvorttveggja:

kl. 08 iiiT_dT_d Nddff VVwwW PPPTT N_hC_LhC_MC_H 6Eapp 7RRRT_nT_n 2TSf_xf_x 3F₁F₂F₃F₄
(8N_sCh_sh_s) (9S_pS_ps_ps_p)

kl. 17 iiiT_dT_d Nddff VVwwW PPPTT N_hC_LhC_MC_H 6Eapp 7RRRT_xT_x 2TSf_xf_x 3F₁F₂F₃F₄
(8N_sCh_sh_s) (9S_pS_ps_ps_p)

Á öðrum } iiiT_dT_d Nddff VVwwW PPPTT N_hC_LhC_MC_H 6a_xapp 2TSf_xf_x 3F₁F₂F₃F₄
tínum }
(8N_sCh_sh_s) (9S_pS_ps_ps_p)

fyrstu

- 1) Þessar stöðvar skulu allar senda sex orðin. Orðinu 6a_xapp má þó sleppa, ef ekki er þrýstingsriti á stöðinni.
- 2) Orðið 7RRRT_nT_n senda þær stöðvar, sem hafa annaðhvort úrkomumæli eða lágmarksæli eða hvorttveggja.
- 3) Orðið 7RRRT_xT_x senda þær stöðvar, sem hafa annaðhvort úrkomumæli eða hámarksæli eða hvorttveggja.
- 4) Orðið 2TSf_xf_x senda aðeins stöðvar við sjó, þær sem þess eru beðnar.
- 5) Orðið 3F₁F₂F₃F₄ senda aðeins þær stöðvar, sem fá sérstaka tilkynningu um það.
- 6) Orðin 8N_sCh_sh_s og 9S_pS_ps_ps_p eru ekki send reglulega, nema þess sé sérstaklega óskað. Hinsvegar er skylda að senda annaðhvort eða hvorttveggja, þegar sérstakar ástæður eru til. eru þær ástæður greindar síðar í þessum leiðbeiningum, þar sem fjallað er um þessi orð.

II. Lykill.

Frá stöðvum, sem hafa hvorki kvikasílfursloftvog né votan hitamali:

kl. 08 $iiTT Nddff VVwww N_h C_L h C_M C_H 6Exxx 7RRT_n T_n 2TSf_x f_x 3F_1 F_2 F_3 F_4$
($8N_s Ch_s h_s$) ($9S_p S_p s_p s_p$)

kl. 17 $iiTT Nddff VVwww N_h C_L h C_M C_H 6Exxx 7RRT_x T_x 2TSf_x f_x 3F_1 F_2 F_3 F_4$
($8N_s Ch_s h_s$) ($9S_p S_p s_p s_p$)

Á öðrum $iiTT Nddff VVwww N_h C_L h C_M C_H 2TSf_x f_x 3F_1 F_2 F_3 F_4$ ($8N_s Ch_s h_s$) ($9S_p S_p s_p s_p$) tímum)

1) Allar þessar stöðvar senda þrjú fyrstu orðin.

2) Orðið $N_h C_L h C_M C_H$ og $6Exxx$ senda allar þessar stöðvar, nema þær fái sérstaka tilkynningu um annað.

3) Orðið $7RRT_n T_n$ senda þær stöðvar, sem hafa úrkomumæli eða lágmarksæli eða hvorttveggja.

4) Orðið $7RRT_x T_x$ senda þær stöðvar, sem hafa úrkomumæli eða hámarksæli eða hvorttveggja.

5) Orðið $2TSf_x f_x$ senda eingöngu stöðvar við sjó, þær sem þess eru beðnar.

6) Orðið $3F_1 F_2 F_3 F_4$ senda aðeins þær stöðvar, sem fá sérstök fyrirmæli um það.

7) Orðið $8N_s Ch_s h_s$ og $9S_p S_p s_p s_p$ eru ekki send reglulega, nema þess sé sérstaklega óskað. Hinsvegar er skylda að senda annaðhvort eða hvorttveggja, þegar sérstakar ástæður eru til. Eru þær ástæður greindar síðar í þessum leiðbeiningum, þar sem fjallað er um þessi orð.

Merking bokstafanna.

Orðin iiiT_dT_d og iiiTT

iii Einkennisstafir stöðvarinnar (þrjú tölustafir)

T_dT_d Daggarmarkið (tveir tölustafir, bls. 6)

TT Lofthitinn (tveir tölustafir, bls. 15)

Orðið Nddff

N Skýjahula alls (einn tölustafur, bls. 6)

dd Vindáttin (tveir tölustafir, bls. 7)

ff Vindhraðinn (tveir tölustafir, bls. 8)

Orðið VVwww

VV Skyggnið (tveir tölustafir, bls. 8)

ww Veðrið á athugunartíma (tveir tölustafir, bls. 9)

W Veðurlag síðustu 3 eða 6 klst. (einn tölustafur, bls. 14)

Orðið PPPTT

PPP Loftþrýstingurinn (þrjú tölustafir, bls. 14)

TT Lofthitinn (tveir tölustafir, bls. 15)

Orðið N_hC_LhC_MCH

N_h Magn þeirra skýja, sem h táknar hæðina á (sjá h síðar í þessu orði)
(einn tölustafur, bls. 15)

C_L Lýsing lágskýja (einn tölustafur, bls. 15)

h Skýjahæðin (einn tölustafur, bls. 16)

C_M Lýsing miðskýja (einn tölustafur, bls. 17)

CH Lýsing háskýja (einn tölustafur, bls. 18)

Orðin 6Eapp, 6a_xapp og 6Exxx

6 Einkennisstafur orðsins

E Jarðlagið (einn tölustafur, bls. 18)

a_x Nánari lýsing loftvogarlínurits (einn tölustafur, bls. 19)

a Lýsing loftvogarlínurits (einn tölustafur, bls. 20)

pp Hversu mikið loftvog hefur breytt síðustu 3 klst.

(tveir tölustafir, bls. 21)

xxx Er sett í stað þriggja síðustu tölustafanna, ef einungis þarf að senda jarðlagið í þessu orði.

Orðin 7RR_nT_n og 7RR_xT_x

- 7 Einkennisstafur orðsins
- RR Úrkoma (tveir tölustafir, bls. 21)
- T_nT_n Lágmarkshiti næsturinnar (tveir tölustafir, bls. 22)
- T_xT_x Hámarkshiti dagsins (tveir tölustafir, bls. 22)

Orðið 2TS_ff_x

- 2 Einkennisstafur orðsins
- T Tíundhlutar á þurrum hitamæli (einn tölustafur, bls. 22)
- S Sjólagið (einn tölustafur, bls. 22)
- f_xf_x Mesti vindhraði síðustu 3 klst. (tveir tölustafir, bls. 22)

Orðið 3F₁F₂F₃F₄

- 3 Einkennisstafur orðsins
- F₁F₂F₃F₄ Flugskilyrði á tilteknum stöðum (einn, tveir, þrjár eða fjórir tölustafir eftir þörfum, bls. 22)

Orðið 8N_sCh_sh_s

- 8 Einkennisstafur orðsins.
- N_s Hula athugaverðs skýjalags (einn tölustafur, bls. 23)
- C Lýsing athugaverðs skýjalags (einn tölustafur, bls. 23)
- h_sh_s Hæð athugaverðs skýjalags (tveir tölustafir, bls. 24)

Orðið 9S_pS_pS_pS_p

- 9 Einkennisstafur orðsins.
- S_pS_p Tveir tölustafir, sem gefa til kynna, hvaða veðurfyrirbæri er lýst með s_ps_p (tveir tölustafir, bls. 25)
- s_ps_p Lýsing þess veðurfyrirbæris, sem tilgreint er með S_pS_p (tveir tölustafir, bls. 25)

Hverri stöð verður tilkynnt, hvaða lykil hún skal nota.

Ef ekki er hægt að athuga einhvern þátt veðursins vegna skorts eða bilunar á tækjum eða annarra gildra ástæðna, skal setja x í stað viðeigandi tölustafs eða tölustafa . Vanti t.d. hitamæli á stöð, sem sendir eftir II. lykli, verður fyrsta orðið iixx.

Lýsingar á þáttum veðurlagsins.

Orðið $iiiT_dT_d$ eða $iiiTT$

iii: Í stað iii skal setja þrjá tölustafi, sem tákna númer stöðvarinnar.

Hver stöð fær tilkynningu um hvaða númer hún skuli nota.

T_dT_d : Daggarmarkið í heilum stigum. eru 5-9 tíunduhlutar úr stigi reiknaðir sem heilt stig, en 1-4 tíunduhlutum sleppt. Ef voti málirinn hefir ekki verið tímanlega og nægjanlega vættur, verður að setja $T_dT_d=xx$.

Ef daggarmark er lægra en frostmark, er 50 bestt við stigatöluna.

Deini:	Daggarmark	T_dT_d	Daggarmark	T_dT_d
	0.0	00	- 0.1	50
	+ 0.2	00	- 0.2	50
	+ 0.4	00	- 0.4	50
	+ 0.5	01	- 0.5	51
	+ 0.7	01	- 9.9	60
	+ 1.2	01	-13.4	63
	+ 1.5	02	-19.9	70
	+ 13.5	14	-20.4	70
	+ 19.9	20		
	+ 20.4	20	o.s.frv.	o.s.frv.

TT: Lofthitinn (sjá bls. 15)

Orðið $Nddff$

N: Skýjahula alls.

Skeytastafur

- 0 Heiðríkt
- 1 1/8 af himni eða minna er hulinn skýjum, þó ekki heiðríkt.
- 2 2/8 (1/4) af himni eru huldir skýjum.
- 3 3/8 af himni eru huldir skýjum.
(1/2)
- 4 4/8 af himni eru huldir skýjum.
- 5 5/8 af himni eru huldir skýjum.
- 6 6/8 (3/4) af himni eru huldir skýjum.
eða meira
- 7 7/8 af himni/eru huldir skýjum, þó ekki alskýjað.
- 8 Alskýjað.
til
- 9 Sér ekki/lofts vegna þoku, moldroks, skafrennings eða annarra áþekkra fyrirbæra.

dd: Vindáttin er tilgreind með tölunum 00-36, þ.e. í tugum gráða.


Deini: austanátt: dd= 09, sunnanátt: dd=18, vestanátt: dd= 27,norðanátt: dd=36.

Í logni er dd=00. Breytileg átt (slær fyrir af ýmsum áttum): dd=99

Ef vindáttaskiptingin N,NNA,NA o.s.frv. er notuð,skal nota töfluna hér fyrir neðan til að finna dd.

Átt	dd	Átt	dd
NNA	02	SSV	20
NA	05	SV	23
ANA	07	VSV	25
A	09	V	27
ASA	11	VVV	29
SA	14	NV	32
SSA	16	NVV	34
S	18	N	36

Breytileg átt 99.



ff: Vindhraðinn er yfirleitt tilgreindur í hnútum (sjómílur á klst.)

Ef vindhraðinn er mældur í metrum á sekúndu, má margfalda hann með tveimur til þess að fá vindhraðann í hnútum, því að 1 hnútur = 0.51 m/sek. Sé mælt í öðrum einingum, þarf að hafa sérstaka töflu til að finna skeytastafina.

Ef vindhraðinn er meiri en 99 hnútar er fyrsta stafnum (1) sleppt í ff, en 50 bætt við dd.

Dæmi: Vindátt er 240° og vindhraðinn 114 hnútar: Þá er ff=14 og dd= 24+50= 74

Ef vindmælir er ekki á staðnum, skal áætla vindinn í vindstigum og breyta þeim í hnúta skv. eftirfarandi töflu:

Vindstig	ff	Vindstig	ff
0	00	10	52
1	02	11	60
2	05	12	68
3	09	13	76
4	13	14	85
5	18	15	95
6	24	16	104
7	30	17	114
8	37		
9	44		

Þess skal getið, að vart er hægt að áætla vindhraðann, ef hann fer yfir 12 stig, enda er slík veðurhæð sjaldgæf. Ef vindur er byljóttur, er sent á eftir skeytinu aukarörðið 911ff, þar sem ff er mesti vindhraði í byljunum.

Byljir eru það, þegar vindhraðinn fer 10 hnúta framúr meðal vindinum í hviðum, sem standa minnst 1 sek, en mest 20 sek.

Orðið VVwww

VV: Skyggnið er tilgreint með tveim stöfum skv. eftirfarandi töflu:

Skyggni	VV	Skyggni	VV	Skyggni	VV	Skyggni	VV
0-20 m	X0	3.4-3.6km	17	8.6- 8.8km	43	13.8-14.0km	69
20-40 -	X1	3.6-3.8 -	18	8.8- 9.0 -	44	14.0-14.2-	70
40-60 -	X2	3.8-4.0 -	19	9.0- 9.2 -	45	14.2-14.4-	71
60-80 -	X3	4.0-4.2 -	20	9.2- 9.4 -	46	14.4-14.6-	72
80-100-	X4	4.2-4.4 -	21	9.4- 9.6 -	47	14.6-14.8-	73
100-120-	X5	4.4-4.6 -	22	9.6- 9.8 -	48	14.8-15.0-	74
120-140-	X6	4.6-4.8 -	23	9.8-10.0 -	49	15.0-15.2-	75
140-160-	X7	4.8-5.0 -	24	10.0-10.2 -	50	15.2-15.4-	76
160-180-	X8	5.0-5.2 -	25	10.2-10.4 -	51	15.4-15.6-	77
180-200-	X9	5.2-5.4 -	26	10.4-10.6 -	52	15.6-15.8-	78
0.2-0.4 km	O1	5.4-5.6 -	27	10.6-10.8 -	53	15.8-16.0-	79
0.4-0.6 -	O2	5.6-5.8 -	28	10.8-11.0 -	54	16- 20 km	80
0.6-0.8 -	O3	5.8-6.0 -	29	11.0-11.2 -	55	20- 40 -	81
0.8-1.0 -	O4	6.0-6.2 -	30	11.2-11.4 -	56	40- 60 -	82
1.0-1.2 -	O5	6.2-6.4 -	31	11.4-11.6 -	57	60- 80 -	83
1.2-1.4 -	O6	6.4-6.6 -	32	11.6-11.8 -	58	80-100 -	84
1.4-1.6--	O7	6.6-6.8 -	33	11.8-12.0 -	59	100-150 -	85
1.6-1.8 -	O8	6.8-7.0 -	34	12.0-12.2 -	60	150-200 -	86
1.8-2.0 -	O9	7.0-7.2 -	35	12.2-12.4 -	61	200-300 -	87
2.0-2.2 -	O10	7.2-7.4 -	36	12.4-12.6 -	62	300-500 -	88
2.2-2.4 -	O11	7.4-7.6 -	37	12.6-12.8 -	63	yfir500 -	89
2.4-2.6 -	O12	7.6-7.8 -	38	12.8-13.0 -	64		
2.6-2.8 -	O13	7.8-8.0 -	39	13.0-13.2 -	65		
2.8-3.0 -	O14	8.0-8.2 -	40	13.2-13.4 -	66		
3.0-3.2 -	O15	8.2-8.4 -	41	13.4-13.6 -	67		
3.2 -3.4-	O16	8.4-8.6 -	42	13.6-13.8 -	68		

Skyggnið skal mælt eins nákvæmlega og athugunarmenn sjá sér fært.

Þess er þó ekki að vanta að hægt sé að viðhafa þá nákvæmni, sem taflan leyfir á bilinu 2-16 km. Þó skal reynt að hafa hálfis eða eins kílómeters nákvæmni á því bili.

Eftirfarandi tölur fyrir VV má aðeins nota, ef engin skyggnismörk er hægt að styðjast við til að ákveða skyggnið (t.d. til hafsins.) Þó skal yfirleitt aldrei nota VV=99, en í stað þess einhverja töluna 82-89 í töflunni á undan.

Skyggni	VV
0- 50 m	90
50-200 -	91
200-500 -	92
500-1000-	93
1- 2 km	94
2- 4 -	95
4-10 -	96
10-20 -	97
20-50 -	98

Yfir 50 km sjá hina töfluna.

ww: VEÐRIÐ Á ATHUGUNARSTAÐNUM^x EÐA EINS LANGT OG SÉÐ VERÐUR.

00-49: Engin úrkoma á athugunartímanum.

00-19: Engin úrkoma, þoka, moldrok, sandfok eða skafrenningur á staðnum á síðustu kl.t. (næma ww-09).

Skeytastafir:

Veðrið.

- | | | |
|----|--|--|
| 00 | Ekki hægt að vita um breytingu skýjanna eða hún ekki athuguð. | } Breyting
Skýjanna
á síðustu
klst. |
| 01 | Skýin hafa hjaðnað. | |
| 02 | Skýin að mestu óbreytt. | |
| 03 | Skýin hafa færzt í aukana. | |
| 04 | Skyggnið er takmarkað vegna verksmiðjureyks eða óskumisturs frá skógar- heiða- eða sléttueldi, eða frá eldfjöllum. | } |
| 05 | Þurrmistur | |

x) Með orðinu athugunarstaður, er átt við þann stað, sem athugunin er gerð frá, hvort sem þessi staður er á landi, sjó eða í lofti.

06 Í loftinu er ryk (mistur), sem byrlast þó ekki upp á athugunarstaðnum eða í grennd við hann á athugunartíma.

07 Ryk, mold eða sandur byrlast upp á athugunarstaðnum eða í grennd við hann, samt sjást ekki greinilegir rykstrokar né sandfok eða moldrok.

08 Greinilegir rykstrokar á athugunarstaðnum eða í grennd við hann á síðustu klst. eða á athugunartíma, en ekkert sandfok eða moldrok.

09 Sandfok eða moldrok er sjáanlegt eða hefir verið á athugunarstaðnum á síðustu klst.

10 Pokumóða. Skyggni meira en 1 km. (Loftið er gráleitt)

11 Einstakir lágpokubakkar

12 Nokkurnveginn samfelld lágpoka

Lágpoka (pokulaða) við athugunarstaðinn. Mesta hæð pokunnar 2 m. á landi, 10 m. á sjó.

13 Leiftur (rosaljós) sjáanleg, en ekkert þrumuhljóð heyrast.

14 Úrkoma sjáanleg, en nær ekki til jarðar.

15 Úrkoma sjáanleg og nær til jarðar í meira en 5 km. fjarlægð frá athugunarstað.

16 Úrkoma sjáanleg og nær til jarðar í minna en 5 km. fjarlægð frá athugunarstaða.

17 Skruggur (þrumuhljóð) heyrast, en engin úrkoma á athugunarstaðnum.

18 Snörp vindhviða eða hryðja (ein eða fleiri) á síðustu klst.

19 Vatnsstrókur eða strókar ("Kisur") eða skýstrókur hafa sést á síðustu klst.

Reykur, pokumóða, ryk eða þurra-mistur

Ýmis veður-fyrirbæri í grennd en ekki á athugunarstað.

20-29: Úrkoma, poka eða þrumuveður á athugunarstaðnum á síðustu klst., en ekki á athugunartíma.

Skeytastafir

Veðrið

20 Úði(súld) ekki ísingarúði.

21 Rigning, ekki frostrigning.

22 Snjókoma.

23 Rigning og snjór (slydda).

24 Ísingarúði eða frostrigning.

25 Skúrir.

26 Snjó- eða slydduél.

27 Hagléel eða skúrir og hagleél (Hagl= smáhagl, hagl eða íshagl).

Úrkoma á síðustu klst. (ekki í skurum eða éljum).

Skúrir eða él á síðustu klst.

Skeytastafir

Veðrið

- 28 Poka.
29 Þrumuveður með eða án úrkomu.

} Á
síðustu
klst.

30-39: Moldrok, sandfok eða skafrenningur.

- 30 Lítilsháttar eða miðlungs moldrok eða sandfok, hefir farið minnkandi á síðustu klst.
31 Lítilsháttar eða miðlungs moldrok eða sandfok, því nær óbreytt síðustu klst.
32 Lítilsháttar eða miðlungs moldrok eða sandfok, hefir aukizt á síðustu klst.
33 Mikið moldrok eða sandfok, hefir farið minnkandi á síðustu klst.
34 Mikið moldrok eða sandfok, því nær óbreytt á síðustu klst.
35 Mikið moldrok eða sandfok, hefir aukizt á síðustu klst.
36 Skafrenningur, en aðeins með jörðu, lítilsháttar eða miðlungs.
37 Skafrenningur, en aðeins með jörðu, mikill.
38 Skafrenningur, nær hátt frá jörðu, lítilsháttar eða miðlungs.
39 Skafrenningur, nær hátt frá jörðu, mikill (skafbál, kóf).

40-49: Poka á athugunartíma. Skyggni minna en 1000 m. nema ww = 40.

- 40 Poka sjáanleg en hefir ekki verið á athugunarstaðnum á síðustu klst. Pokan nær hærri en athugunarstaður.
41 Pokubakkar
42 Poka. Hefir orðið gisnari á síðustu klst. Sér til himins eða skyja fyrir ofan.
43 Poka. Hefir orðið gisnari á síðustu klst. Sér ekki til himins eða skyja fyrir ofan.
44 Poka. Hefir ekki breytzt verulega á síðustu klst. Sér til himins eða skyja fyrir ofan.
45 Poka. Hefir ekki breytzt verulega á síðustu klst. Sér ekki til himins eða skyja fyrir ofan.
46 Poka. Hefir skollið yfir eða orðið dimmri á síðustu klst. Sér til himins eða skyja fyrir ofan.
47 Poka. Hefir skollið yfir eða orðið dimmri á síðustu klst. Sér ekki til himins eða skyja fyrir ofan.
48 Ísingarpoka. Sér til himins eða skyja fyrir ofan.
49 Ísingarpoka. Sér ekki til himins eða skyja fyrir ofan.

50-99: Úrkoma á athugunartíma og á athugunarstað.

50-59: Úði eða súld (örsmáir dropar), eða úði og þoka.

Skeytastafur

Veðrið.

- 50 Úði með uppstyttum, lítill á athugunartíma.
51 Óslitinn úði, lítill á athugunartíma.
52 Úði með uppstyttum, miðlungspéttur á athugunartíma.
53 Óslitinn úði, miðlungspéttur á athugunartíma.
54 Úði með uppstyttum, mikill á athugunartíma.
55 Óslitinn úði, mikill á athugunartíma.
56 Ísingarúði, lítilsháttar.
57 Ísingarúði, miðlungs péttur eða mikill.
58 Úði og regn, lítilsháttar.
59 Úði og regn, miðlungs eða pétt (mikið)

60-69: Rigning eða rigning og þoka.

- 60 Rigning með uppstyttum, lítil á athugunartíma.
61 Óslitin rigning, " " "
62 Rigning með uppstyttum, miðlungs á athugunartíma.
63 Óslitin rigning, " " "
64 Rigning með uppstyttum, mikil á athugunartíma.
65 Óslitin rigning, " " "
66 Frostrigning, lítilsháttar.
67 Frostrigning, miðlungs eða mikil.
68 Rigning og snjór eða úði og snjór, lítilsháttar.
69 " " " " " " " " miðlungs eða mikil.

70-79: Snjókoma (eða önnur úrkoma í föstu formi) eða snjókoma og þoka

- 70 Snjókoma með uppstyttum, lítil á athugunartíma.
71 Óslitin snjókoma, " " "
72 Snjókoma með uppstyttum, miðlungsmikil á athugunartíma.
73 Óslitin snjókoma, " " "

- 74 Snjócoma með uppstyttum, mikil á athugunartíma.
- 75 Óslitin snjócoma, " " "
- 76 Ísnálar (með eða án þoku).
- 77 Kornsnjór. (Hnöttótt snjó Korn) (með eða án þoku)
- 78 Einstakir stjörnulaga snjókríttallar (með eða án þoku)
- 79 Ískorn. (Smágerð korn mynduð úr glærum ís).

80-99: Skúra- eða éljaveður.

80-90: Skúra- eða éljaveður án þrumuveðurs.

- 80 Skúr, líttísháttar.
- 81 Skúr, miðlungs eða mikil.
- 82 Skúr, mjög mikil. (Skýfall).
- 83 Slydduél. (Snjó Korn og regndropar saman), líttísháttar.
- 84 Slydduél, " " " " miðlungs eða mikið.
- 85 Snjóél, líttísháttar.
- 86 Snjóél, miðlungs eða mikið.
- 87 Hagléi (hagl eða snæhagl), með eða án regns eða slyddu. Líttísháttar.
- 88 Hagléi " " " " " " " " " " Miðlungs eða mikið
- 89 Íshaglél, með eða án regns eða slyddu, líttísháttar.
- 90 Íshaglél, " " " " " " " " miðlungs eða mikið.

91-99: Þrumuveður.

- 91 Þrumuveður á síðustu klst., en ekki á athugunartíma. Líttísháttar rigning á athugunartíma.
- 92 Þrumuveður á síðustu klst., en ekki á athugunartíma. Miðlungs eða mikil rigning á athugunartíma.
- 93 Þrumuveður á síðustu klst., en ekki á athugunartíma. Líttísháttar snjócoma, slydda eða hagl (snæhagl, hagl eða íshagl) á athugunartíma.
- 94 Þrumuveður á síðustu klst., en ekki á athugunartíma. Miðlungs eða mikil snjócoma, slydda eða hagl (snæhagl, hagl eða íshagl) á athugunartíma.
- 95 Þrumuveður á athugunartíma. Líttísháttar eða miðlungs þrumuveður samfara regni, slyddu eða snjókomu (ekki hagl).
- 96 Þrumuveður á athugunartíma. Líttísháttar eða miðlungs þrumuveður samfara hagli (snæhagli, hagli eða íshagli).
- 97 Þrumuveður á athugunartíma. Mikið þrumuveður samfara regni, slyddu eða snjókomu (ekki hagli).
- 98 Þrumuveður á athugunartíma. Þrumuveður samfara moldroki eða sandfoki.
- 99 Þrumuveður á athugunartíma. Mikið þrumuveður samfara hagli (snæhagli, hagli eða íshagli).

W: W lýsir aðaleinkennum veðursins síðustu

3 klst., ef athugunin er gerð kl. 02, 08, 14 eða 20 ísl. miðtími.

6 " " " " " " 05, 11, 17 eða 23 " "

Skeytastafinn fyrir W skal velja svo, að W og ww til samans gefi eins fullkomna lýsingu og unnt er á veðrinu á ofangreindu 3 eða 6 klst.tímabili.

Ef veðrið hefir breytt á tímabilinu, skal með W lýsa veðrinu, sem var áður en það veður kom, sem lýst er með ww.

Ef fleiri en einn skeytastafur getur átt við liðna veðrið, skal nota þann hæsta. Þó skal ávallt fylgja þeirri reglu, um W og ww, sem áður var tilgreind.

Ef hagl hefir fylgt skúrum eða þrumuveðri skal besta við skeytið orðinu: Hagl.

Ef snjóél hafa verið, en hitinn á athugunartíma er hærri en 0° C, skal bestt við skeytið orðinu: Snjóél.

Ef slydduél hafa verið, en hitinn á athugunartíma er hærri en 0° C, skal bestt við skeytið orðinu: Slydduél.

Ef sandfok hefir verið en hitinn á athugunartíma er lægri en 0° C, skal bestt við skeytið orðinu: Moldrok.

Ef tímabilið frá því að síðasta skeyti var sent, er lengri en það, sem W nær yfir, skal senda aukaorð á eftir skeytinu, samkvæmt reglum á bls.

Liðið veður.

- 0 Heiðríkt eða léttskýjað.
- 1 Breytileg skýjahula.
- 2 Skýjað.
- 3 Sandfok, moldrok eða skafrenningur.
- 4 Þoka eða rykmökkur.
- 5 Úði.
- 6 Rigning.
- 7 Snjócoma eða slydda.
- 8 Skurir eða él.
- 9 Þrumuveður, með eða án úrkomu.

Orðið PPPTT.

PPP: Leiðréttur loftbrýstingur á athugunartíma, tilgreindur í millibörum eða millimetrum. PPP táknar tugi, einingar og tíunduhluta.

Er því 9 eða 10 sleppt framan af, ef loftvog er með millibarakvarða, en 7 eða 6 sleppt framan af, ef loftvog er með millimetrakvarða.

Dæmi:	Leiðréttur loftþrýstingur:	953.7 mb.	PPP = 537
"	"	999.9 "	PPP = 999
"	"	1000.0 "	PPP = 000
"	"	1010.1 "	PPP = 101
"	"	1039.9 "	PPP = 399

TT: Lofthitism er tilgreindur í heilum stigum. Tæplega hálfu stigi (0.1-0.4) er sleppt, en hálf stigi eða rúmlega það (0.5-0.9) reiknað sem heilt, eins og eftirfarandi dæmi sýna. Þegar frost er, skal bæta 50 við stigatöluna.

Hití	TT	Hití	TT
0.0	00	-0.1	50
+ 0.2	00	-0.2	50
+ 0.4	00	-0.4	50
+ 0.5	01	-0.5	51
+ 0.7	01	-0.9	60
+ 1.2	01	-13.4	63
+ 1.5	02	-19.9	70
+ 13.5	14	-20.4	70
+ 19.9	20		
+ 20.4	20	o.s.frv.	

Orðið N_hC₁hC₁H.

- N_h tákna hulu þeirra skýja, sem hæðin er táknuð á með skeytastafnum h.
- N_h Skýjahula þeirra skýja, sem hæðin er táknuð á með skeytastafnum h.
- 0 Engin ský í 2500 m hæð eða lægra.
- 1 1/8 af himni eða minna er hulinn skýjum með hæðinni h, þó ekki heiðríkt.
- 2 2/8 (1/4) af himni eru huldir skýjum með hæðinni h.
- 3 3/8 " " " " " " " "
- 4 4/8 (1/2) " " " " " " " "
- 5 5/8 " " " " " " " "
- 6 6/8 (3/4) " " " " " " " "
- 7 7/8 af himni eða meira eru huldir skýjum með hæðinni h.
- 8 Alskýjað af skýjum með hæðinni h.
- 9 Sér ekki til lofta vegna þoku, moldroks, skafrennings eða annarra áþekkra fyrirbæra.

C₁: Tegund lágskýja.

Skeytastafur

- 1 Góðviðrisbólstrar.
- 2 Þrútnir bólstrar, með eða án góðviðrisbólstra eða flákaskýja. Neðra borð allra skýjanna er í sömu hæð.
- 3 Hryðjubólstrar með eða án bólstra, flákaskýja eða þokuskýja.

Skeytastafur

- 4 Flákaský mynduð úr bólstrum með eða án bólstra.
- 5 Flákaský ekki mynduð úr bólstrum.
- 6 Þokuský eða tætt þokuský, þó ekki úrkomuhroði (sbr. $C_L=7$)
- 7 Úrkomuhroði (lág, tætt ský í úrkomulegu veðri).
- 8 Bólstrar ásamt flákaskýjum, sem eru ekki mynduð úr bólstrum. Neðra borð bólstranna og flákaskýjanna er ekki í sömu hæð.
- 9 Hryðjuflókar, með eða án annarra lágskýja.
- X Engin lágský sýnileg vegna þoku, sandfoks, skafrennings eða áþekktra fyrirbæra.

h: Skýjahæðin. (Frá athugunarstað upp að neðra borði viðeigandi skýja).

1) Ef aðeins eitt skýjalag hefur lægra neðraborð en 2500 m., tilgreinir h hæð þess.

2) Ef fleiri en eitt skýjalag hafa lægra neðra borð en 2500 m., er um tvennt að ræða:

a) Eitt eða fleiri af þessum skýjalögum hylur meira en $2/8$ himins.

Þá tilgreinir h hæð lægsta skýjalagsins, sem svo mikið magn er af.

Sé þar fyrir neðan eitt eða fleiri lög af skýjum, sem hvert um sig hylja $2/8$ af himni eða minna, skal semja sérstakt aukaorð um það lægsta af þessum skýjalögum. Þetta aukaorð hefir einkennisstafinn 8 og er skýrt nánar síðar í þessum leiðbeiningum (bls.). Ef fyrir ofan það skýjalag, sem h á við skv. þessari grein, er annað viðáttumeira skýjalag, sem hylur meira en $4/8$ himins og er lægra en 2500 m., skal það tilgreint í aukaorði með einkennisstafnum 8. Séu lægstu ský einnig tilgreind í aukaorði, getur því orðið um tvö slík orð að ræða.

b) Ekkert af þessum skýjalögum hylur meira en $2/8$ af himni.

Þá tilgreinir h hæð lægsta skýjalags, sem hefir lægra neðra borð en 2500 m.

Ath.: Skýjahæðin h getur átt við hvort sem er lágský eða miðský, aðeins ef neðra borð þeirra er lægra en 2500 m.

Ef þoka, sandfok, skafrenningur eða áþekkt fyr þæri er á staðnum, en þó sér til himins, skal tilgreina skýin og skýjahæðina án tillits til þessa fyrirbæris.

Ef ekki sér til himins vegna þoku eða áþekkra fyrirbæra, skal setja $h = 0$.

Skeytastafur Hæð neðra borðs skýjanna frá athugunarstað.

0	0-50 m.
1	50-100 "
2	100-200 "
3	200-300 "
4	300-600 "
5	600-1000"
6	1000-1500"
7	1500-2000"
8	2000-2500"
9	meira en 2500 m. eða engin ský. ($N_h = 0$)

Cy Tegund miðskýja.

Skeytastafur

- 0 Engin miðský.
- 1 Fulln gráblíka.
- 2 Gráblíkubýkkni eða úrkomubýkkni.
- 3 Einfalt lag af gisnum netjuskýjum, ekki vaxandi.
- 4 Einstök netjuský (oft oddaský) í stöðugri ummyndun eða í mismunandi hæð eða hvorttveggja.
- 5 Gisin netjuský í böndum eða breiðu, sem slær/á loftið og fer venjulega þykkandi, á köflum geta skýin orðið að netjubýkkni eða myndað tvöfalda breiðu.
- 6 Netjuský mynduð úr bólstrakollum.
- 7 Hér getur verið um brennt að ræða:
 - a) Tvær breiður af netjuskýjum, venjulega netjubýkkni á köflum, ekki vaxandi.
 - b) Breiða af samfelldum netjuskýjum (netjuskýjabýkkni), ekki vaxandi.
 - c) Netjuský samfara gráblíku, í sömu eða mismunandi hæð.
- 8 Hér getur verið um tvennt að ræða:
 - a) Bólstruð netjuský með toppum.
 - b) Bólstruð netjuský með brúskum.
- 9 Óskipuleg netjuský (netjuhroði), yfirlítt í mismunandi hæðum venjulega samfara þykkum blikutrefjum.
- X Engin miðský sjást vegna þoku eða áþekkra fyrirbæra eða vegna lágskyja.

CH: Tegund háskýja.

Skeytastafur

- 0 Engin háský.
- 1 Fíngerðar blikutrefjar.
- 2 Þykkar blikutrefjar, venjulega ekki vaxandi.
- 3 Þykkar blikutrefjar, sem vissa er fyrir, að eru annaðhvort leifar af efri hluta hryðjuskýja eða efri hluti af fjarlægum hryðjuflóka, sem sést ekki að öðru leyti.
- 4 Vaxandi blikutrefjar, oft króklaga (vatnslær).
- 5 Annaðhvort:
 - a) Blikutrefjar og blikuhula, oft í böndum, sem virðast sameinast út við sjóndeildarhringinn (klósigi) eða
 - b) Blikuhula eingöngu.
Í þáðum tilfellunum slær skýjunum upp á loftið og venjulega fara þau þykkandi, en samfellda hulan hefir þó ekki enn náð miðja vegu milli hafs og hálofts (45° yfir hafflöt).
- 6 Annaðhvort:
 - a) Blikutrefjar og blikuhula, oft í böndum, sem virðast sameinast út við sjóndeildarhringinn (klósigi) eða
 - b) Blikuhula eingöngu.
Í þáðum tilfellum slær skýjum upp á loftið og venjulega fara þau þykkandi. Samfellda hulan nær meira en miðja vegu milli hafs og hálofts.
- 7 Blikuhula um allt loftið.
- 8 Blikuhula, sem fer ekki vaxandi og hylur ekki allt loftið. Blikutrefjar og blikuhnoðrar geta sést jafnframt.
- 9 Blikuhnoðrar.
- X Engin háský sýnileg vegna þoku eða sambærilegra fyrirbæra eða vegna lægri skýja.

Orðið 6Eapp (Sent kl. 08 og 17 ísl. miðtími) og

6axapp (Sent kl. 02, 05, 11, 14, 20 og 23 ísl. miðtími).

6: Einkennisstafur orðsins.

E: Jarðlagið.

Skeytastafur

- 0 Þurrt í rót.
- 1 Rakt í rót.
- 2 Vatnsgur (pollar hafa myndast).
- 3 Jörð alauð, en frosin og þurr.
- 4 Glerungur á jörð, en engin svell, krap eða snjór.

Skeytastafur

- 5 Jörð er bakin svellum, krapi eða snjó að minna en hálfu leyti.
- 6 Jörð er bakin svellum, krapi, hjarni eða harðfenni að meira en hálfu leyti, þó ekki alveg.
- 7 Jörð albakin svellum, krapi, harðfenni eða hjarni.
- 8 Jörð bakin lausamjöll (foksandi, ryki eða ösku) að meira en hálfu leyti, þó ekki alveg.
- 9 Jörð albakin lausamjöll (foksandi, ryki eða ösku).

Ef tölurnar 8 og 9 eru notaðar til að tákna foksand, ryk eða ösku og hitinn er undir frostmarki, skal bætt við skeytið orðinu: Sandur, Ryk eða Aska.

a_x : Nánari lýsing á brýstingsriti síðustu þriggja klukkustönda.

a_x skal tilgreint samkvæmt eftirfarandi töflu:


Tími brotpunkts, hámarkspunkts eða lágmarkspunkts.	Brotpunktur, hámarkspunktur eða lágmarkspunktur. Hæð eða dýpt minni en 1 mb.	Hámarkspunktur eða lágmarks- punktur. Hæð eða dýpt 1-3 mb.	Hámarkspunktur eða lágmarks- punktur. Hæð eða dýpt meiri en 3 mb.
Á síðustu klst.	$a_x = 1$	$a_x = 2$	$a_x = 3$
1-2 klst. fyrir athugas.	$a_x = 4$	$a_x = 5$	$a_x = 6$
2-3 " " "	$a_x = 7$	$a_x = 8$	$a_x = 9$

Sambandi milli a og a_x er þannig:

- Ef $a = 3$ eða 8 , er $a_x = 0$
- Ef $a = 2$ eða 7 , er $a_x = 0, 1, 4$ eða 7
- Ef $a = 1$ eða 6 , er $a_x = 1, 4$ eða 7
- Ef $a = 0, 4, 5, 9$, er $a_x = 1 - 9$

Skýringar:

Ef á línuriti siritandi loftvogar (brýstirita) síðustu 3 klst. er "lágmarkspunktur", "hámarkspunktur" eða "brotpunktur" (sálg breyting á halla línunnar), skal tilgreina tímann, þegar þetta varð, með $a_x = 1 - 9$. Ennfremur skal með a_x tilgreina "dýpt" lágmarkspunkts eða "hæð" hámarkspunkts. Sé línan nærri bein síðustu 3 klst., verður $a_x = 0$.



Hámarkspunktur er kallaður þar sem loftbrýstingurinn er hæstur síðustu þrjár stundir, enda sé hann hærri en í byrjun og lok tímabilsins. Hæð hámarkspunkts er munurinn á loftbrýstingi hans (í mb.) og þess af byrjunar eða endapunktum tímabilsins, sem er hærri.

Lágmarkspunktur er kallaður, þar sem loftbrýstingurinn er lægstur síðustu þrjár stundir, enda sé hann lægri en í byrjun og lok tímabilsins. Dýpt lágmarkspunkts er munurinn á loftbrýstingi hans (í mb.) og þess af byrjunar eða endapunktum tímabilsins, sem er lægri.

Brotpunktur er eins og myndin sýnir þar, sem stig eða fall loftvogar eykst eða minnkar snögglega.

Það skal tekið fram að línuritið er venjulega nokkuð bogadregið í hámarkspunktum. Í brotpunktum og lágmarkspunktum er línuritið ýmist bogadregið eða með skörpu horni.

a: Lýsing á brýstiriti síðustu þriggja klukkustunda.

Loftbrýstingur á athugunartíma er	Útlit brýstirits síðustu 3 klst.	
hærri en fyrir þrem tímum eða jafnhár	✓ Fyrst stígjandi, síðan fallandi	0
	✓ Fyrst stígjandi, síðan lárétt; eða fyrst stígjandi, síðan hægar stígjandi.	1
	✓ Óreglulegt, en yfirleitt stígjandi, eða óbreytt	2
	✓ Lárétt eða jafnt stígjandi	3
lægri en fyrir þrem tímum	✓ Fyrst lárétt eða fallandi, síðan stígjandi; eða fyrst stígjandi, síðan örvar stígjandi	4
	✓ Fyrst fallandi, síðan stígjandi	5
	✓ Fyrst fallandi, síðan lárétt; eða fyrst fallandi, síðan örvar fallandi	6
	✓ Óreglulegt, en yfirleitt fallandi	7
	✓ Jafnt fallandi	8
	✓ Fyrst lárétt eða stígjandi, síðan fallandi; eða fyrst fallandi, síðan örvar fallandi	9

Þó að öll horn á myndunum séu hér teiknuð skörp, er venjulegast, að þau séu nokkuð bogadregin á brýstiritinu.

pp: Hve mikið loftvog hefir stigið eða fallið síðustu 3 klst.

Er pp tilgreint í tíundhlotum úr millibar.

Deini: Mismunurinn er 3.5 mb. Þá er pp = 35.

Ef mismunurinn er 10 mb. eða meira, er pp tilgreint sem 99, en síðan bætt inn í aukaorðinu 99pppp, strax á eftir 6a_xapp.

Í þessu orði eru 99 einkennisstafir, en ppp loftvogarbreytingin í tíundhlotum úr mb.

Deini: Breytingin síðustu 3 klst. er 11.5 mb. Þá er pp = 99, en strax á eftir kemur aukaorðið 99115.

Hafi verið lesið á kvikasilfursloftvog fyrir þrem stundum, skal pp valið sem mismunur á leiðréttum loftlagstingi á athugunartíma og fyrir þrem stundum. Sé loftvog með millimetrakvarða, verður að margfalda tölu millimetranna með 4/3 til að fá breytinguna í millibar. Ef breytingin á þrýstírta virðist ekki í samræmi við breytingu á kvikasilfursloftvoginni, ber að endurskoða athugunina. Sé slíkt ósamræmi algengt, skal það tilkynnt Veðurstofunni.

Hafi ekki verið lesið á kvikasilfursloftvog fyrir þrem klst. verður að finna pp á þrýstiritinu (línuriti siritandi loftvogar).

Nauðsynlegt er að fylgja nákvæmlega settum reglum um stöðsetningu og meðferð þrýstiritans.

Orðið 7RRR_TT_N: (Sent kl. 08 ísl. miðtími) og

7RRR_XT_X (Sent kl. 17 ísl. miðtími).

7: Einkennisstafur orðsins.

RR: Úrkoma frá því kl. 17 daginn áður í athugun kl. 08.

" " " " 08 sama dag í athugun kl. 17.

Úrkoma minni en 0.1 mm. er táknuð með 97.

Úrkoma 0.1-0.6 mm. er táknuð í tíundhlotum úr mm. að viðbættum 90.

Úrkoma 0.7-55.4 mm. er tilgreind í heilum mm. (Tæplega háfum mm.(0.1-0.4))

sleppt, en hálfur eða rúmlega það (0.5-0.9) reiknaður sem heill mm.

Úrkoma 55.5-404.9 mm. er tilgreind í tugum mm. að viðbættum 50.

(Tæplega háfum tug (0.1-4.9) sleppt, en hálfur tugur eða rúmlega það (5.0-9.9) reiknaður sem heill).

Meiri úrkoma en 404.9 mm. er tilgreind með 98.

Ef úrkoma hefir fallið, en ekki verið mæld eða ónákvæmt verður RR = 99,

og skal þá tilgreina ást. töluna í athugasemdadálk skýtubókvarinar.

Deani: Úrkomun er 0.4 mm: RR = 94
 " " 11.4 " RR = 11
 " " 71.5 " RR = 7 + 50 = 57
 " " 189.3 " RR = 19 + 50 = 69

T_nT_n: Lágmarkshiti næsturinnar frá kl. 17-08 er tilgreindur í heilum stigum eftir sömu reglum og lofthitinn.

T_xT_x: Hámarkshiti dagsins frá kl. 08-17 er tilgreindur í heilum stigum eftir sömu reglum og lofthitinn.

Orðið 2TSf_xf_x

Þetta er aukaorði til innanlandsnotkunar.

2: Einkennisstafur orðsins.

T: Tíunduhlutar hitastigsins. Þetta breytir þó engu um hvernig hitinn er tilgreindur í orðinu iiiiTT eða PPPTT.

Deani: Hitinn er 4.9 °C: Þá er TT = 05, en T í aukaorði = 9

Hitinn er -3.2 °C: Þá er TT = 53, en T = 2

S: Sjólagið

S	Heiti sjólagsins	Sennilegur vindhraði í vindstigum á rúmsjó.	Ölduhæð í m.
0	Ládautt	0	0
1	Gráð	1-3	0-1/2
2	Sjólitið	3-4	1/2-1
3	Dalítill sjór	4-5	1-2
4	Talsverður sjór	5-6	2-3
5	Allmikill sjór	6-7	3-4
6	Mikill sjór	8-9	4-6
7	Stórsjór	9-10	6-9
8	Hafrot	10-12	9-14
9	Aftaka hafrot	12 og meira	14 og meira

x) Þessi tafla yfir tilsvareandi vindhraða er alls ekki algild. Ofter sjólag miklu verri eða betri en atla mátti af vindhraða, og þessvegna er nauðsynlegt að tilgreina hverttveggja.

f_xf_x: Mesti vindhraði síðustu 3 klst., tilgreindur í hnútum eftir sömu reglu og vindhraði á athugunartíma.

Orðið 3F₁F₂F₃F₄.

3: Einkennisstafur orðsins.

F₁F₂F₃F₄ táknar hver um sig flugskilyrði við tiltækið fjall, skarð eða hálendi.

Hverri stöð, sem gerir slíkar athuganir, verður tilkynnt, hvaða fjall, skarð eða hálendi hver stafur á við, og verður hver stafur að halda viðeigandi seði í orðinu. Fyrir þá stafi, sem ekki eru notaðir, skal sett x.

Flugskilyrði yfir hálandi eða skörðum eru tilgreind þannig:

Tafla I

2	Þýðir: Þjart til heiðarinnar, skarðsins eða hálandisins. Vél fært flugvélum.....	2
4	" Lag ský yfir heiðinni, skarðinu eða hálandinu, en ná ekki niður á heiðina, í skarðið, á hálandið. Vafasamt fyrir flug.....	4
6	" Sky niður á heiðina, í skarðið, á hálandið. Ófært flugvélum.....	6
8	" Sést ekki til heiðarinnar, skarðsins, hálandisins, vegna þoku, myrkurs eða af öðrum orsökum.....	8

Flugskilyrði við fjölli eru tilgreind þannig:

Tafla II

1	Þýðir: Ský hærri en fjallið og sést það allt vel.
3	" Kúfur á fjallinu, skýin snerta fjallstoppinn.
5	" Ský ná niður í miðjar hliðar fjallsins.
7	" Fjallið hulið skýjum eða þoku, en sést að fjallsrótum.
9	" Sést ekki til fjallsins vegna þoku, myrkurs eða af öðrum orsökum.

Orðið $8N_5Ch_5h_5$.

Þetta orð er sent reglulega frá stöðvum, sem fá sérstaka tilkynningu

um það. Aðrar stöðvar senda það, þegar sérstök ástæða er til. Þessar ástæður eru tilgreindar á bls. , þar sem fjallað er um skýjahæðina.

8: Einkennisstafur orðsins.

N₅: Magn athugaverðs skýjalags, tilgreint á sama hátt og N.

Athugavert skýjalag er:

a) Lægsta skýjalag fyrir neðan 6000 m. hæð, sem hylur meira en helming himins.

b) Lægsta skýjalag fyrir neðan 6000 m. hæð.

Ef skýjalagið í a) er ekki það sama og í b), skal semja sérstakt orð fyrir hvort skýjalag um sig, og er þá fyrst talið hærra lagið.

C: Tegund athugaverðs skýjalags.

Skeytastafur	Tegund skýja.
1	Blikutrefjar.
2	Blikuhula.
3	Blikuhnoðrar.
4	Netjuský.
5	Gráblíka.
6	Flákaský.
7	Úrkomubykkni.
8	Bólstrar eða tættir bólstrar.
9	Hryðjuský.
0	Pokuský eða tætt þokuský.
X	Engin ský sýnileg vegna þoku, sandfoks eða áþekkra fyrirbæra.

h₃h₃: Hæð neðra borðs skýjalagsins, sem tilgreint er með N₃.

Skýjahæð í metrum.

Skeyta- stafir	Hæð m.	Skeyta- stafir	Hæð m.	Skeyta- stafir	Hæð m.
00	0- 30	30	900- 930	60	1800-1830
01	30- 60	31	930- 960	61	1830-1860
02	60- 90	32	960- 990	62	1860-1890
03	90-120	33	990-1020	63	1890-1920
04	120-150	34	1020-1050	64	1920-1950
05	150-180	35	1050-1080	65	1950-1980
06	180-210	36	1080-1110	66	1980-2010
07	210-240	37	1110-1140	67	2010-2040
08	240-270	38	1140-1170	68	2040-2070
09	270-300	39	1170-1200	69	2070-2100
10	300-330	40	1200-1230	70	2100-2130
11	330-360	41	1230-1260	71	2130-2160
12	360-390	42	1260-1290	72	2160-2190
13	390-420	43	1290-1320	73	2190-2220
14	420-450	44	1320-1350	74	2220-2250
15	450-480	45	1350-1380	75	2250-2280
16	480-510	46	1380-1410	76	2280-2310
17	510-540	47	1410-1440	77	2310-2340
18	540-570	48	1440-1470	78	2340-2370
19	570-600	49	1470-1500	79	2370-2400
20	600-630	50	1500-1530	80	2400-2700
21	630-660	51	1530-1560	81	2700-3000
22	660-690	52	1560-1590	82	..(ekki notað)
23	690-720	53	1590-1620	83	3000-4000
24	720-750	54	1620-1650	84	4000-5000
25	750-780	55	1650-1680	85	5000-6000
26	780-810	56	1680-1710	86	6000-7000
27	810-840	57	1710-1740	87	7000-8000
28	840-870	58	1740-1770	88	8000-9000
29	870-900	59	1770-1800	89	..yfir 9000

Ef ekki er hægt að mæla skýjahæð á athugunarstaðnum, má nota eftirfarandi töflu fyrir h₃h₃:

Skeyta- stafir	Hæð m.	Skeyta- stafir	Hæð m.
90	0- 50	95	600-1000
91	50-100	96	1000-1500
92	100-200	97	1500-2000
93	200-300	98	2000-2500
94	300-600	99	..yfir 2500

Ef ekki sér til lofta vegna þoku, sandfoks, skafrennings eða áþekkra fyrirbæra, skal lóðrétta skyggnið (beint upp í loftið) táknað með h₃h₃. Sjái til lofta þratt fyrir þoku eða annað áþekkt fyrirbæri, skal h₃h₃ tilgreint eins og engin þoka eða áþekkt fyrirbæri væri á staðnum.

Orðið 9S_pS_pS_pS_p.

Þetta er aukaorð, sem lýsir sérstökum veðurfyrirbærum.

Verður hér skýrt frá nokkrum mikilvægum veðurfyrirbærum, sem tilgreina skal í þessu orði.

I. Skyggni.

970V_SV_S: V_SV_S = skyggni til hafsins, tilgreint með tölunum 90-99 (sjá bls. 9)

Skyggni til hafsins skal sent í aukaorði, ef það er meira en lakasta skyggni (sem ávallt er tilgreint með WV).

- 971V_XV_X: V_XV_X = bezta skyggnið, ef það er til norðausturs.
- 972V_XV_X: V_XV_X = " " " " " " suðausturs.
- 973V_XV_X: V_XV_X = " " " " " " suðvesturs.
- 974V_XV_X: V_XV_X = " " " " " " norðvesturs.

Bezta skyggni er tilgreint, ef það er minnst helmingi meira en minnsta skyggni, WV. Þó skal það ekki gert nema bezta skyggnið sé meira en 2 km., og minnsta skyggnið minna en 15 km.

V_XV_X er tilgreint eftir sömu reglum og WV (sjá bls. 8)

II. Snjódyptin.

- 995SS: SS = dypt nýfallins snævar.
- 996SS: SS = öll snjódyptin.

Þessi orð skulu send, þegar

- 1) hætta er á að vegir eða aðrar samgönguleiðir teppist (einkum flugvellir), t.d. þegar snjór hefir verið á jörð og ný fönn bestzt við.
- 2) snjó festir á jörð á þeim árstíma, þegar þess er yfirleitt ekki að vanta.

Snjódyptin SS er táknuð þannig:

Enginn snjór er tilgreindur með SS = 00.

Snjódypt minni en 1 mm. er tilgreind með 97.

Snjódypt 0.1-0.6 cm. er tilgreind í tíunduhlutum úr cm. að viðbestum 90.

Deami: 0.3 cm.: SS = 93.

Snjódypt 0.7-55.4 cm. er tilgreind í heilum cm.

Deami: 0.8 cm.: SS = 01

19 " : SS = 19

Snjódypt 56 - 400 cm. er tilgreind í tugum cm. að viðbestum 50.

Deami: 132 cm.: SS = 13 + 50 = 63

Snjódypt meiri en 4 m. er tilgreind með SS = 9g

Ef ekki er hægt að gera mælinguna eða hún er ónákvæm, er SS = 99.

III. W_S : Veðurlag frá því að síðasta athugun var gerð.

9981 W_S : W_S = veðrið á tímabilinu kl. 23-05 ísl. miðtími.

9982 W_S : W_S = " " " " 05-11 " "

9983 W_S : W_S = " " " " 11-17 " "

9984 W_S : W_S = " " " " 17-23 " "

Skýttastafur fyrir W_S er valinn eftir sömu reglum og fyrir W , líðið veður,

í orðinu VVwww (sjá bls. 14).

Þessi orð fyrir veðrið milli athugana eru aðeins send, ef tímabilið frá því að síðasta skýtti var sent, er lengra en það, sem W nær yfir.

Ef langt líður milli athugana, getur orðið nauðsynlegt að senda sérstakt orð fyrir fleiri en eitt af áðurgreindum tímabilum.

Þó skal ekki senda þetta orð nema W_S sé einhver stafurinn 3-9 og skýttastafurinn fyrir W_S sé annar en fyrir W í orðinu VVwww.

Veðurbrigðaskeyti.

Þessi skeyti eru ekki send á ákveðnum tímum, heldur aðeins, þegar veðurbrigði verða, sem áhrif geta haft á flug og siglingar.

Fyrir flugið er sérstaklega mikilvægt, þegar skyggnið og skýjahæðin taka athugasverðum breytingum. Önnur hættu er ísingin, sem einkum verður, þegar væta er (rigning eða slydda) og hiti um eða undir frostmarki.

Hvassviðri og byljóttur vindur getur verið hættulegur fluginu. Einnig er mikilvægt að tilkynna, þegar flugskilyrði versna eða batna yfir tilteknu hálandi eða skarði eða við tiltekin fjöll. Sjógangur getur gert flugvélum ófært að setjast á sjó.

Fyrir sjóferðir er mikill sjógangur, hvassviðri og slæmt skyggni sérstaklega athugasvert.

Það skal tekið fram, að jafn nauðsynlegt er að senda veðurbrigðaskeyti, þegar veðurskilyrði batna skyndilega (bataskeyti) eins og þegar þau versna (hættuskeyti).

Lykill veðurbrigðaskeytanna.

Í hættuskeytunum skal nota eftirfarandi lykil:

MMMM w_2GGgg iii Nddff VVwwW (3F₁F₂F₃F₄) (8N_sCh_sh_s) (9S_pS_pS_pS_p).

Í bataskeytunum skal í staðinn fyrir MMMM setja BBBB á undan skeytinu.

Að öðru leyti er lykillinn hinn sami.

Orðið MMMM táknar, að veður hafi versnað.

Orðið BBBB táknar, að veður hafi batnað.

Orðið w_2GGgg

w_2 lýsir, hverskonar veðurbrigði eru þess valdandi, að skeytið er sent.

w_2 Á við

3 Skyggni.

4 Skýjahæð (eða flugskilyrði á tilteknum stöðum).

5 Úrkomu.

6 Vind.

7 Þrumur, hagl eða skýstrók.

8 Skafrenning, sandfok, moldrok.

9 Sjólag.

GG: er tíminn í heilum klst. (GMT), þegar veðurbrigðin verða.

gg: táknar mínútur yfir heila tímann, þegar veðurbrigðin verða.

Dæmi: 1) Veðurbrigðin urðu klukkan 8.25 eftir íslenskum miðtíma.

Þá er GGgg = 0925

2) Veðurbrigðin urðu klukkan 8.25 eftir íslenskum sumartíma

(þ.e. 7.25 eftir ísl. miðtíma). Þá er GGgg = 0825.

Orðin Mddff, VVwww

Hver bókstafur hefir sömu merkingu og í almenna veðurskeytalyklinum (sjá bls. 6 - 14)

Orðið 3F₁F₂F₃F₄

er aðeins sent frá stöðvum, sem athuga að jafnaði flugskilyrði á tilteknum stöðum og hefir hver stafur í þessu orði sömu merkingu og í venjulegum lykli viðkomandi stöðvar.

Orðið 8N_sCh_sh_s

er aðeins sent, þegar athugaverð breyting hefir orðið á skýjahæð eða magni lágra skýja. (Sjá um w_2 hér á eftir)

Orðið 9S_pS_pS_pS_p

skal sent, ef sérstök ástæða þykir til. (Sjá nánar síðar í þessum leiðbeiningum)

Reglur um, hvessar veðurbrigðaskeyti skulu send.

I. Hættuskeyti.

$w_2 = 3$ Skyggni

Hættuskeyti skal sent, ef skyggnið versnar og verður minna en

a) 3000 m. (hafi breytingin verið snögg).

b) 1500 " (snögg eða hægfara breyting).

c) 500 " (snögg eða hægfara breyting).

Ef skyggnið er breytilegt eftir áttum, skal lakasta skyggnið

tilgreint með VV. Ef skyggni til hafsins er betra, má tilgreina það í

aukaorðinu 970V_sV_s (sjá bls. 25), og bezta skyggni má tilgreina með einhverju

aukaorðinu 971V_xV_x - 974V_xV_x samkvæmt reglum á bls 25, þar sem fjallað er um

skyggni

$w_2 = 4$ Lág ský

Hættuskeyti skal sent, ef

A) skýin lækka niður í

a) 300 m. (snögg lökkun)

b) 150 " (snögg eða hægfara lökkun).

B) ský í minna en 300 m. hæð aukast svo að magni, að þau hylja meira en $\frac{6}{8}$ af himni.

Hafi annaðhvort af þessu gerzt, skal senda aukaorðið $8N_9Ch_9h_9$ (eitt eða tvö), skv. reglum á bls. 23

C) Flugskilyrði á tilteknum stað eða stöðum (F_1, F_2, F_3 eða F_4)

versna snögglega, svo að viðeigandi skeytastöfur hækkar um 2

(Deemi: F_1 hækkar úr 4 í 6 eða úr 5 í 7. Þá skal senda aukaorðið

$3F_1F_2F_3F_4$, sjá bls. 22).

$w_2 = 5$ Úrkoma

Hættuskeyti skal sent, þegar úrkoma af neðantöldum tegundum byrjar.

a) slydda, (votur snjór eða snjór og rigning samtímis)

b) snæhagl

c) hagl og rigning

d) frostrigning eða ísingarúði ($ww = 56, 57, 66$ eða 67).

$w_2 = 6$ Hvassviðri

Hættuskeyti vegna hvassviðris skulu send,

þegar vindhraðinn (meðaltal 10 mínútna) eykst upp í 37 hnúta

(8 vindstig) eða meira. Sé vindur byljóttur, skal senda aukaorðið 911ff

þar sem ff táknar mesta vindhraðann í byljunum (sjá bls. 8)

$w_2 = 7$ Þrumuveður, hagl eða skýstrókur

Hættuskeyti skal sent,

a) þegar þrumuveður eða skýstrókur skellur yfir eða fer svo nálægt athugunarstaðnum, að fylgjast má með hreyfingu fyrirbærisins.

b) þegar hagléi skellur á eða fer svo nálægt athugunarstaðnum, að fylgjast má með hreyfingu þess.

w₂ = 8 Sandfok, moldrok eða skafrenningur (skafbylur).

skellur á og skyggni verður minna en 1000 m.

w₂ = 9 Sjógangur.

Hættuskeyti skal sent, ef sjógangur eykst og verður:

Stórsjór (7 stig) eða meira, en hefir verið mikill sjór (6 stig) eða minna.

Til að tilgreina sjólagið er sent aukaorðið 9L4Sx, þar sem S táknar sjólag (sjá bls. 22)

II. Bataskeyti.

w₂ = 3 Skyggni.

Bataskeyti skal sent, þegar skyggnið vex

- a) úr minna en 500 m. og hefir verið meira en 1000 m. í 10 mín.
- b) úr minna en 1000 m. og hefir verið meira en 2000 m. í 10 mín.
- c) úr minna en 2000 m. og hefir verið meira en 5000 m. í 10 mín.

w₂ = 4 Lág ský.

Bataskeyti skal sent þegar

A) skýjahæð hefir aukizt úr minna en

- a) 150 m. og hefir verið meira en 200 m. í 10 mín.
- b) 300 m. og hefir verið meira en 450 m. í 10 mín.

B) hula skýja í minna en 300 m. hæð hefir minnkað og verið minni en 6/8 í 10 mín.

Hafi annaðhvort af þessu gerzt, skal senda aukaorðið 8N₃Ch₃H₃ (sjá bls. 23)

C) Flugskilyrði á tilteknum stað eða stöðum hafa batnað svo, að viðeigandi skeytastafur lækkar um 2. Þá skal senda aukaorðið 3F₁F₂F₃F₄ (sjá bls. 22)

w₂ = 5 Úrkoma.

Bataskeyti skal senda tíu mínútum eftir að einhver neðantalin tegund úrkomu hefir liðið hjá:

- a) slydda
- b) snæhagl
- c) hagl og rigning
- d) frostrigning eða ísingarúði.

w₂ * 6 Hvassvíðri.

Bataskeyti skal senda, þegar vindhraðinn hefir minnkað

a) úr meira en 37 hnútum (8 vindstig), og ekki verið meiri en 30 hnútar (7 vindstig) síðustu 10 mín.

w₂ * 7 Þrumuveður, hagl eða skýstrókar.

Bataskeyti skal sent jafnskjótt og þrumuveður, haglél eða skýstrókur líða hjá.

w₂ * 8 Sandfok, moldrok eða skafrenningur.

Bataskeyti skal sent, þegar sandfok, moldrok eða skafrenningur (skafbylur) líður hjá eða minnkar svo, að skyggnið hefir verið meira en 1000 m. í 10 mín.

w₂ * 9 Sjógangur.

Bataskeyti skal sent, þegar sjógangur minnkar og verður mikill sjór (skeytast. 6) eða minna, en hefir verið stórsjór (skeytast. 7) eða meira. Til þess að tilgreina sjóganginn er sent aukaorðið 914Sx, þar sem S er sjólagið (sjá bls. 22)

Um sendingu veðurbrigðaskeyta.

Eins og sést af þessum leiðbeiningum, skal senda hættuskeyti strax og veðurbrigði hafa orðið til hins verra. Bataskeyti skal hins vegar ekki senda fyrr en batinn virðist vera orðinn nokkuð varanlegur. Yfirleitt er ætlast til, að bæði sé í tíu mínútur með að senda skeytið frá því að veðrið batnaði.

Stundum verða veðurbrigði á þeim tíma, þegar senda skal venjulegt (tímabundið) veðurskeyti. Þá skal ekki senda veðurbrigðaskeyti, heldur aðeins bæta aftan við venjulega skeytið orðinu MMMM eða BBBB.

Ef veður batnar að einu leyti, en versnar að öðru leyti, skal markja skeytið sem hættuskeyti.

Veðurbrigðaskeyti skulu skráð á sérstök eyðublöð og send Veðurstofunni í lok hvers mánaðar ásamt öðrum skjölum.

Veðurbrigðaskeyti eru mikilvæg flugi, og er því nauðsynlegt að slík skeyti fáið frá stöðvum, sem eru á flugleiðum og þó sérstaklega nálægt landingarstöðum flugvéla. Slíkum stöðvum verður send sérstök beiðni um að senda veðurbrigðaskeyti.